



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Ísafirði 18. maí 2016

Ályktun um atvinnu- og byggðamál

Aðalfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga, haldinn 18. maí 2016, krefst þess að stjórnvöld komi á nothæfu kerfi til jöfnunar flutnings- og húshitunarkostnaðar. Tryggja þarf afhendingaröryggi raforku í fjórðungnum og ráðast strax í byggingu Hvalárvirkjunar. Í dag er óhóflegur flutningskostnaður ásamt erfiðum rekstrarskilyrðum vegna ótryggrar raforku mikil ógn við atvinnuöryggi í fjórðungnum.

Efla þarf þróun byggðar og tryggja atvinnuöryggi með styrkingu á grunnþáttum atvinnulífs í fjórðungnum svo sem með tryggum heilsárssamgöngum innan fjórðungs. Verður forval vegna Dýrafjarðarganga vonandi fyrsti áfangi til að svo megi verða. Horfa verður til stór eflingar menntunar á Vestfjörðum með tenginu við þekkingu í atvinnulífi Vestfirðinga þannig að menntunin nýtist sem best til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Megin áherslan þar snúi að atvinnustarfsemi og nýtingu þeirra auðlinda sem fjórðungurinn hefur upp á að bjóða.

Gleymum ekki að landsbyggðin ráðstafar um 30-80% af sínum tekjum á höfuðborgarsvæðinu en höfuðborgarsvæðið eingöngu 10-20% af sínum tekjum í hendur lögaðila á landsbyggðinni. Vestfirðingar eru ekki að biðja um meira en aðrir. Það eru sjálfsögð mannréttindi að búsetuskilyrði á Vestfjörðum geti orðið á við það sem best gerist.